



Áfangalýsing

Námsgrein: Heimspeki og kenningar félagsvísinda.

Áfanganúmer: HKF3B050

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 5

Áfanginn er á: 3. þrepi

Undanfari: Enginn.

Vorönn 2013: 3. B, C og D.

Kennari: Sigurður Ólafsson.

Lýsing á efni áfangans: Í þessum áfanga verður lögð áhersla á ítarlegar þælingar og umræður um nokkur meginstef heimspekinnar frá tilurð hennar í Grikklandi um það bil 600 f. Kr. og fram á okkar daga, einkum á sviði frumspeki og þekkingarfræði. Auk þess verður fjallað um upphaf félagsvísinda og sálfræði og helstu kenningar þeirra fræða. Höfuðsnillingar heimspekisögunnar og félagsvísinda verða í forgrunni. Meira verður lagt upp úr nákvæmum skilningi á einstökum kenningum og frjóum samræðum en hundavaðsfróðleik og mikilli yfirferð. Engu að síður fái nemendur heildarsýn yfir útlínur heimspekisögunnar, samhengi og rof, frá upphafi til nútíma.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- upphafi heimspeki og fræðilegra vísinda hjá jónísku náttúruspekingunum og þeim breytingum í hugsunarhætti sem því fylgdi.
- frumspeki og þekkingarfræðilegum viðhorfum forsókratískra heimspekinga og gera sér grein fyrir hughyggju og efnishyggju, rökhyggju og raunhyggju.
- samræðuaðferð Sókratesar og deilum við sófista; algildishyggju og afstæðishyggju í siðferðisefnum.
- heimspekikerfi Platons og meginhugtökum; kenningum Aristótelesar og flokkunarkerfum.
- hugmyndaheimi hellenismans; kýnisma, efahyggju, stóuspeki, epíkúrisma og nýplatonisma.
- sambandi kristni og heimspeki á miðöldum; trú og skynsemi, sögu og sannindum og frumspekilegri stöðu almennra hugtaka.
- vísindalegri og pólitískri hugsun á nýjöld; kenningum rökhyggjumanna: Descartes, Spinoza

og Leibniz; kenningum raunhyggjumanna: Locke, Berkeley og Hume.

- hugmyndaheimi upplýsingar og rómantíkur; „hinum kóperníkönsku umskiftum“ Kants á sviði þekkingarfræði og frumspeki og „skilyrðislausu skylduboðinu“ í siðfræði hans.
- söguspeki Hegels og Marx og gangrýni Kierkegaards og Nietzsche á hefðbunda heimspeki.
- heimspekilegum forsendum félagsvísinda og tengslum rökhusunar og hefðarhugsunar í klassískri félagsfræði hjá Comte, Tocqueville, Tönnies, Simmel, Durkheim og Weber.
- upphafi sálarfræði og kenningum Freuds, atferlisstefnu og hugfræði.
- helstu stefnum og straumum á 20. öld.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í heimspekilegri rökræðu.
- gera grein fyrir heimspekilegum og félagsvísindalegum hugtökum.
- meta gildi heimspekilegra rökfærslna.
- greina og skýra heimspekilegan texta.
- skrifa stuttar heimspekilegar rökfærslurritgerðir.

Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bera saman ólíka hugarheima úr sögu fræða og vísinda.
- yfirfæra þekkingu og skilning á einu sviði fræða yfir á annað.
- hugsa skipulega og á sjálfstæðan, gagnrýnin hátt um málefni líðandi stundar jafnt sem hin þyngri vandamál tilverunnar.

Námsmat:

Skriflegt/munnlegt lokapróf gildir 70% af einkunn; ritgerð og verkefni á önn 30%.

Námsefni: *Soffía og kenningarnar.* (Heftið fæst á skrifstofu). Auk þess ýmislegt ítarefni og tímaglósur.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður.

Ritgerð: Nemendur skrifa ritgerð á önninni. Tveir vinna saman að hverri ritgerð.

Skilafrestur: Mánudagur 18. mars.

Lausleg kennsluáætlun:

- 1.-2. vika: Árdagar grískrar heimspeki.
- 3.-4. vika: Sókrates og Platon.
- 5. vika: Aristóteles.
- 6. vika: Hellenismi.
- 7. vika: Skólaspeki.
- 8. vika: Rökhyggja.
- 9. vika: Raunhyggja.
- 10. vika: Upplýsing og Kant.
- 11. vika: Þýska hughyggjan og Marx.
- 12. vika: Upphaf félagsvísinda.
- 13. vika: Freud.
- 14. vika: Atferlisstefna og hugfræði.
- 15. vika: Stefnur og straumar á 20. öld.